

04.11

## Með skarðan hlut frá borði

Í gærkvöld var settur landsfundur Kvinnalistsans að Löngu-mýri í Skagafirði. Fundinn sitja um 80 konur víðsvegar að af landinu og umræðuefnið eru margvísleg: T.d. staða landbúnaðar og sjávarútvegs, atvinnumál og ríkisfjármál, sameining sveitarfélaga, kjaramál kvenna og hlutverk þeirra í verkalýðshreyfingunni.

Fyrir rétt rúmri viku kom út bók Sigríðar Th. Erlendsdóttur um sögu Kvenréttindafélags Íslands í 85 ár og ber nafnið „Veröld sem ég vil“. Í bókinni er fjallað um sögu kvenfrelsisbaráttu heillar aldar á Íslandi. Þótt um tvo óskylda atburði á sviði kvenréttindamála sé að ræða leiðir landsfundurinn og útgáfa bókarinnar hugann að því hver staðan sé í málefnum kvenna á Íslandi í dag, hvort eitthvað hafi áunnist í réttindamálum kvenna á þeirri tæpu öld sem liðin er frá því að baráttan hófst hér á landi.

Þegar Bríet Bjarnhéðinsdóttir og stallsystur hennar hófu baráttuna upp úr aldamótum var megináherslan að krefjast þess að konur nytu grundvallarmannréttinda á borð við kosningarétt, rétt til mennta og starfa og til félagslegra réttinda til jafns við karla. Frá þeim tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og baráttan hefur aðrar áherslur þótt enn sé hlutur kvenna víða fyrir borð borinn. Þrátt fyrir löggjöf um sömu laun fyrir sömu vinnu er launamunur kynjanna enn staðreynd sem ekki verður skýrð með öðru en kynferði. Lengi vel trúðu konur því að launamunurinn stafaði að miklu leyti af því að karlar hefðu að jafnaði betri menntun en konur. Kannanir sýna þó að launabilið er minnst í þeim starfsgreinum sem krefjast minnstu menntunarinnar og sem dæmi má nefna að samkvæmt könnun sem kjararannsóknarnefnd lét gera árið 1992 er launabilið minnst í fiskvinnslu, eða aðeins um 1%. Aftur á móti skiptir það tugum prósentu í sumum greinum í röðum háskólamenntaðra. Enn eru konur í miklum minnihluta á við karla í stjórnunarstöðum. Enn eru konur á Alþingi aðeins lítil hluti þingmanna, ráðherrar eru í yfirgnæfandi meirihluta karlar og hafa verið í áranna rás og svona mætti lengi telja.

Þegar hinir hefðbundnu stjórnmalaflokkar eru skoðaðir, ber ekki mikið á konum í fremstu röðum meðal stjórnmalamanna. Tilraunir með kvótaskiptingu kynjanna hafa ekki skilað miklum árangri og veldi karla virðist enn mikið á vettvangi stjórnmalanna. Ástæður þessa eru ekki auðfundnar en gefa tilefni til vangaveltna um hina raunverulegu stöðu kvenna í þjóðfélaginu og hvort jafnréttisbaráttan sé á réttri leið.

Eitt af því sem er mikið áhyggjuefni innan kvennahreyfinga hér á landi í nútímanum er umfjöllun fjölmiðla um konur í stjórnmalum. Er þar skemmtast að minnast umfjöllunin í tengslum við ráðherraskipti í Alþýðuflokknum fyrr á þessu ári og afsagnar varaformanns í kjölfarið. Tvær konur innan flokksins voru mikið til umræðu og samskipti þeirra innbyrðis og við formann flokksins. Þótti mörgum sem konurnar fengju ekki sanngjarna meðfeyrð fjölmiðla í tengslum við málið og að þeir beindu frekar sjónum sínum að skapferli þeirra eða annari lyndiseinkunn en málaða þeirra. Aðrar konur í stjórnmalum hafa þótt búa við það sama í fjölmiðlum og því hefur verið haldið fram að hlutur þeirra í umræðunni sé miklum mun rýrari en karla. Sem dæmi um þetta má nefna umræðuhætti ríkissjónvarpsins í vetur. Algeng uppstilling í slíkum þáttum er þrír til fjórir karlar og ein kona. Það mætti ætla að með því að hafa alltaf eina konu í þáttunum, teldu stjórnendur þeirra sig hafa uppfyllt kröfur um að sjónarmið kvenna fengju að komast að í umræðunni.

Gagnrýni sem þessi er alvarlegt mál og er full ástæða fyrir fjölmiðla að skoða þátt sinn rækilega í þessum efnum. Er þetta sú veröld sem við viljum?

Tinninn, leidari 6.11.1993

## Launabarátta kvenna

Landsfundur Kvinnalistsans var haldinn í Skagafirði um liðna helgi. Það fór í sjálfu sér ekki mikið fyrir þessum fundi, ef undan er skilin ein ályktun þar sem fram komu efasemdir um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar gagnvart launamálum kvenna. Fundurinn var þeirrar skoðunar að hlutur kvenna hefði verið fyrir borð borinn í kjarabaráttunni og það væri að verulegu leyti sök þess sinnuleysis sem gætti innan verkalýðshreyfingarinnar á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.

Þessi ályktun hefur farið fyrir brjóstið á verkalýðsforingjum og þá einkum þeim konum sem þar starfa. Þær hafa svarað því til að kvinnalistaskonur hafi ekki haft sig mikið í frammi á þeim vettvangi og senda kveðjurmar til föðurhúsanna.

Reipdráttur um það hvort mikið eða lítið hafi heyrst frá kvinnalistaskonum eða skætingur um að þeim farist ekki að kasta steinum úr glerhúsi er ekki málefnalegt framlag til þeirrar spurningar hvort konur hafi almennt orðið undir í launabaráttunni. Hitt er miklu þýðingarmeira að velja þeirri áleitnu spurningu fyrir sér, hvort svo sé og hvort sú gagnrýni sé réttmæt að verkalýðshreyfingin sem slík hafi í reynd viðurkennt launamisrétti kynjanna.

Staðreyndin er sú að konur eru alla jafna í láglauna-störfum. Er það vegna þess að konur sæki frekar í láglaunastörf eða er það vegna þess að lág laun eru greidd þegar konur eru annars vegar? Þetta er lykilsurningin.

Hér skal því haldið blákalt fram að vinnuveitendur hafi komist upp með að bjóða konum lægri laun en körlum. Og það á jafnt við hvort sem störfin eru sambærileg eða ekki. Hvað þá ef um er að ræða hefðbundin kvinnastörf. Skýringin á sér sjálfsgagt sögulegan aðdraganda frá því konur voru að langmestu leyti ómenntaðar og til uppfyllingar á vinnumarkaðnum.

En í seinni tíð er orsakanna að leita í vanmati á störfum kvenna og vanmætti þeirra sjálfra til að standa saman um bætt kjör. Við þurfum ekki annað en að líta yfir atburðarás síðustu ára og áratuga til að átta okkur á því að réttindi kvenna hafa verið í lágmarki. Síðbúinn kosningaréttur, takmarkaður fjöldi menntaðra kvenna, nýfengið fæðingarorlof, vanbúið dagvistunarkerfi. Allt á þetta rætur að rekja til skeytingarleysis karlaveldisins til stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Þær voru húsmæður, karlamir fyrirvinnur.

Verkalýðshreyfingin á sinn þátt í þessu. Henni hefur verið tröllriðið af hugsunarhætti karla og þar hefur engin merkjanleg herferð eða barátta verið háð fyrir bættum hlut kvenna á vinnumarkaðnum. Verkalýðshreyfingin er risavaxið náttroll sem hefur ekki haft innri kraft eða hugmyndaflug til að aðlaga sig breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Kvinnabaráttan hefur farið þar fyrir ofan garð og neðan.

Í ljósi þessara fullyrðinga þarf engan að undra þótt landsfundur Kvinnalistsans dragi þá ályktun að verkalýðshreyfingin sé ónothæf í launa- og kjarabaráttu kvenna. Kvinnalistsinn er nefnilega að átta sig á þeirri staðreynd að hvað sem líður allri jafnréttisbaráttu til aukinnar þátttöku kvenna í stjórnmalum, atvinnulífi eða félagsstörfum, þá er og verður forsendan fyrir jafnréttinu og framkvæmd þess háð þeirri undirstöðukröfu að konur fái sömu laun og karlar. Að öðrum kosti verða þær áfram undirmálshópur í þjóðfélaginu sem ber skarðan hluf frá borði.

Nú er það annarra að viðurkenna þessa staðreynd.  
Ellert B. Schram

Leidari DV-10.11.1993